

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2022

2022/EES/45/17

frá 18. mars 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1156 frá 13. júlí 2021 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar stevíólglykósíð (E 960) og rebaudíósíð M sem eru framleidd með ensímbreytingu á stevíólglykósíðum úr stevíu ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) og 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **3021 R 1156:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1156 frá 13. júlí 2021 (Stjttð. ESB L 249, 14.7.2021, bls. 87).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 2021/1156, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 249, 14.7.2021, bls. 87.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.